

REGLUR

um skyldu verðbréfasjóða til þess að eiga ríkisverðbréf.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur, að höfðu samráði við bankaráðið, ákveðið eftirfarandi reglur um ríkisverðbréfaeign verðbréfasjóða á grundvelli 1. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1986, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1989, um Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Eign verðbréfasjóðs í ríkisverðbréfum í lok mánaðar skal að lágmarki nema 4% af útgefnum skuldayfirlýsingum (hlutdeildarbréfum) í lok næstliðins mánaðar, hvort tveggja uppfært á gildandi gengi. Með ríkisverðbréfum er hér átt við skuldabréf og ríkisvixla sem Ríkissjóður Íslands hefur gefið út á innlendum eða erlendum markaði, sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi.

Sé verðbréfasjóður deildaskiptur skal hver deild hans fullnægja skyldu skv. 1. mgr.

2. gr.

Verðbréfasjóðir skulu senda Seðlabanka Íslands yfirlit um eign verðbréfasjóða á ríkisverðbréfum í lok mánaðar, skv. 1. gr. og stöðu útgefinna skuldayfirlýsinga í lok sama mánaðar og skulu þær upplýsingar berast Seðlabanka eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar.

3. gr.

Nú fullnægir verðbréfasjóður ekki þeirri skyldu sem kveðið er á um í 1. gr., og er þá bankastjórn heimilt að ákveða viðurlög í samræmi við ákvæði 70. gr. rg. nr. 470/1986 fyrir Seðlabanka Íslands, með áorðnum breytingum.

4. gr.

Nú vanrækir verðbréfasjóður að láta í té þær upplýsingar, sem Seðlabankinn á rétt á að fá, skv. reglum þessum, og getur þá ráðherra, að fengnum tillögum bankastjórnar á grundvelli 71. gr. rg. nr. 470/1986 fyrir Seðlabanka Íslands, lagt dagsektir á hinn brotlega, uns skyldunni er fullnægt.

5. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. september 1995. Jafnframt falla úr gildi reglur um skyldu verðbréfasjóða til þess að eiga spariskírteini ríkissjóðs frá 28. mars 1994.

Reykjavík, 31. ágúst 1995.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

Steingrímur Hermannsson.